

Dags. 20.5.2020

Viðtakandi: Fræðsluráð

Efni: Menntarannsókn

Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífeðlislegri sálfræði við HR og Háskólann í Brándaheimi, hefur óskað eftir samstarfi við GRV og Vestmannaeyjabæ um að framkvæma viðamikla menntarannsókn til 12 ára. Þetta yrði samburðarrannsókn við skóla í öðrum landshluta og henni fylgja breyttar áherslur í námi nemenda sem og breyttir kennsluhættir. Miðað væri við að byrja rannsóknina strax í 1. bekk haustið 2021 og fylgja þeim árgangi út skólagöngu.

Hermundur hefur lengi bent á dvínandi lestrarfærni íslenska barna og þá sérstaklega drengja. Segir hann að ofuráhersla á leshraða í stað lesskilnings, eins og verið hefur á Íslandi, sé ekki til þess fallið að bæta lestrarfærni nemenda og hefur hann vísað í fjölda rannsókna því til stuðnings. Hann leggur mikla áherslu á þjálfun lestrarfærni í upphafi skólagöngu og að nám nemenda fyrstu tvö árin eigi aðaláherslan að vera á lestur þannig að við lok 2. bekkjar séu 95% nemenda fullæs.

Hermundur hefur einnig bent á að á sama tíma hefur átt sér stað gífurleg aukning hjá börnum og ungmennum á notkun tauga- og geðlyfja á Íslandi og skv. rannsóknum og hans mati ætti að hefja hvern skóladag með hreyfingu til að draga úr þessari þróun.

Dæmi um hvernig skóladagur gæti verið og gæti átt við fleiri árganga þótt þeir séu ekki hluti af rannsókninni:

-Hreyfing til að bæta hreyfifærni, hreysti, einbeitingu og fókus.

-Áhersla til hádegis: Lestur, náttúrufræði (skapa ástríðu fyrir faginu), stærðfræði (samlagning, frádráttur, deilding og margföldun)

-Eftir hádegi: Heimanámshjálp fyrir þau sem þurfa mesta hjálpu í grunnleggjandi fögum en önnur börn fá kennslu í öðrum fögum og áhugasviðstengdum greinum.

Skipulag skóladags		Virðing og tillitsemi
Skóladagur 1.-7. bekk:		Grósku hugafarar
8.30-9.10	Hreyfing - (Tanillo et al. 2002; Panksepp et al. 2007; Gapin et al. 2011; Panksepp et al. 2013)	
9.10-9.30	Frimínútur - (Stevenson & Lee, 1990; Steverson et al. 1987)	
9.30-11.50:	3 kennslustundir 40 mín með 10 mín frimínútur á milli	
	Kennsla: lestur, stærðfræði og náttúrufræði - (Stevenson & Lee, 1990; Sigmundsson et al. 1998; Klein & Jones, 2007; Csikszentmihalyi, 1975; 2008; Ericson & , 2016)	
11.50-12.30	Hádegismatur	
12.30-13.10	Heimanámshjálpu/þjálfunartími (Klein & Jones, 2008; Csikszentmihalyi, 1975; 2008)	
	Kennsla í öðrum fögum (samfélagsgreinar/enska/mynd og handmennt/ tónlist/heimilisfræði)	
13.10-13.20	Frimínútur	
13.20-14.50	Kennsla í öðrum fögum/valfag/ástríðutíminn (tónlist, skák, myndlist, dans, leiklist)	
Heimanámshjálpu/þjálfunartími: Í þessum tíma fá þau börn sem þurfa mesta hjálpu með grunnleggjandi fögum ekstra eftirfylgni - gjarnan í minni hópum með einn kennara/sérkennara. Meginmarkmið er að eins snemma og hægt er að finna hverjir þurfa auka eftirfylgni og/eda þurfa að fá greiningar með alþjóðlega viðurkenndum aðferðum		

Þessi breyting á dagsskipulagi þýðir að vikja þarf frá viðmiðunarstundaskrá og þarf að fá heimild frá ráðuneytinu til þess en heilt yfir er þetta verkefni háð velvilja ráðuneytisins og því yrði þetta alltaf framkvæmt í samstarfi við það.

Aðal **RANNSÓKNAR** áhersla yrði á eftirfarandi þætti:

- **læsi og lestur:**
- Rannsóknir á bókstaf- hljóð kunnáttu, læsi og lesskilning
- **tölur og stærðfræði:**
- Rannsóknir á kunnáttu á tölum og talnaskilningi, mengi og stærðfræði

- **náttúrufræði og umhverfi:**
- Rannsóknir á kunnáttu um hina ólíku þætti náttúrunnar og umhverfi
- **hreyfing/hreyfifærni/hreysti/heilsa:**
- Rannsóknir á samspili hreyfingu, hreyfifærni, og hreysti
- **hugarfar: ástríða, þrautseigja, grósku hugarfar og flæði:**

Slík rannsókn kostar sitt og þarf auðvitað að skoða þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði. Það sem Hermundur leggur til er:

Rannsóknarsetur fyrir vísindi og menntun til að byggja upp rannsóknir á þessu sviði á Íslandi. Hér þyrfti að koma til samstarf við ráðuneytið.

Hlutverk slíks seturs er t.d.

- **MIÐLUN** á kunnáttu út í samfélagið er einnig ein af grunnstoðum slíks seturs. Þannig náum við foreldrum/forráðamönnum og þeim sem vinna með börnum.
- **RÁDGJÖF** fyrir sveitarfélög og skóla landsins er einnig þáttur sem setrið myndi sinna. Þróun á kennsluefni í lestri/stærðfræði/náttúrufræði fyrir leikskólann/fyrstu ár skólans

-Faglegur stjórnandi (prófessor) í 100%

-Fagaðili sem sér um miðlun upplýsinga 20-50% staða

-2 doktorsnemar (lestur/náttúrufræði) hvor í 60% stöðu en gætu kennt á móti

Undirritaðar lýsa yfir áhuga á að taka þátt í þessari rannsókn enda einstakt tækifæri fyrir GRV og Vestmannaeyjar að vera leiðandi í menntarannsóknum á Íslandi. Þá er það von okkar og trú að slík rannsókn og þær áherslurbreytingar sem henni fylgja eigi eftir að styrkja nemendur og bæta árangur og skólstarfið til muna.

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri

Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi